



Minnisblað

Móttakandi: Ábyrgðarmenn við vinnslu
fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir
árið 2014

Dags.: 18. nóvember 2013

Sendandi: Gunnlaugur Júlíusson

Málsnr.: 1111019SA
Málalykill: 166

Efni: Minnisblað vegna þjóðhagsspár Hagstofu Íslands frá 15. nóv. 2013.

Hagstofa Íslands birti nýja þjóðhagsspá föstudaginn 15. nóvember. Spána er að finna á vef Hagstofu Íslands. Slóðin er sem hér segir: hagstofa.is/Hagtalur/Thjodhagsreikningar

Í töflu 1. er að finna uppfærðar upplýsingar þar sem kemur fram spá hagstofunnar um þróun helstu hagstærða fram til ársins 2018. Þessar upplýsingar er einnig að finna á vef Hagstofu Íslands. Allar stærðir í töflunni eru settar fram sem breyting (+/-) frá fyrra ári í prósentum nema þar sem tekið er fram að niðurstaðan sé hlutfall (%) af ákveðnum grunn.

Tafla 1. Niðurstöður þjóðhagsspár Hagstofu Íslands frá 15. nóv. 2013¹

	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Einkaneysla	1,6	2,5	2,7	2,8	2,8	2,9
Samneysla	0,8	0	1,5	1,5	1,6	1,5
Fjármunamyndun	-3,1	10,6	17,5	3,4	0,7	7,8
Atvinnuvegafjárfesting	-10,4	8	21,3	-0,4	-4,2	7,6
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	15,2	20,6	16,3	15,3	13,1	9,1
Fjárfesting hins opinbera	12,3	7,8	2,1	3,9	3,3	5,8
Þjóðarútgjöld, alls	0,6	2,7	4,8	2,6	2,1	3,2
Útflutningur vöru og þjónustu	2,3	2,8	2	3,6	4,1	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	0	3,3	5,7	3,7	3,5	3,2
Verg landsframleiðsla	2	2,5	2,8	2,6	2,6	2,7
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	6	5,7	4,1	4,2	4,6	4,2
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	0,5	-1,9	-3,4	-3,4	-2,8	-2,7
Viðskiptajöfnuður án innlánsstofnana í slitameðferð,	3,1	0,9	-0,8	-1	-0,7	-0,6
Vísitala neysluverðs	3,8	3,6	3	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala	-1,3	0,9	0,9	0,1	0	0
Raugengi	3,1	1,1	0,2	0,4	0,4	0,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	4,6	4,4	4,1	3,8	3,6	3,5
Launavísitala	5,5	5,6	5	4,4	5,2	4,9
Alþjóðlegur hagvöxtur	0,8	1,8	2,1	2,2	2,2	2,2
Alþjóðleg verðbólga	1,8	1,9	1,9	2	2	2,1

Niðurstöður úr þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í júní 2013 voru sendar til sveitarfélaganna í byrjun júlí ásamt fleiri upplýsingum. Það var gert þeim til aðstoðar við undirbúning við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 og þriggja ára áætlana. Vel flest sveitarfélög hafa, þegar þjóðhagsspá fyrir veturinn 2013

¹ Niðurstöður fyrir árin 2013 fram til 2015 byggja á eiginlegri spá en tölur fyrir árin 2016-2018 byggja á framreikningi.

er birt, annað hvort lokið afgreiðslu fjárhagsáætlunar eða eru mjög langt komin með frágang hennar. Því er ekki hægt að gera ráð fyrir að hún leiði til mikilla breytinga eða endurskoðunar á forsendum fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Engu að síður ætti að vera gagnlegt fyrir sveitarfélögin að fá upplýsingar um helstu breytingar frá vörspá hagstofunnar sem koma fram í nýrri þjóðhagsspá hennar:

1. Gert er ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu verði hægari en kom fram í júnispá hagstofunnar.
2. Gert er ráð fyrir meiri aukningu samneyslu í nóvemberspánni en spáð var fyrir um í júnispánni.
3. Spár um fjárfestingu eru háðar töluverðri óvissu, sérstaklega hvað varðar atvinnuvegafjárfestingu. Þar skiptir miklu máli hvort og hvenær verði af fjárfestingu vegna álvers í Helguvík og vegna kísilsvers á Bakka við Húsavík. Aftur á móti er gert ráð fyrir meiri opinberri fjárfestingu í nóvemberspánni en í vörspánni.
4. Samkvæmt nóvemberspá hagstofunnar verður aukning vergrar landsframleiðslu minni en gert spáð hafði verið fyrir um í vörspánni.
5. Halli á viðskiptajöfnuði verður minni en spáð var sl. vor.
6. Hækkun vísitölu neysluverðs (verðbólga) verður meiri en gert var ráð fyrir í vörspánni. Á næsta ári er gert ráð fyrir 3,8% verðbólgu og 3,6% á þar næsta ári. Niðurstöður þeirra kjarasamninga sem framundan eru munu hins vegar ráða miklu um hver verðbólguþróunin verður á komandi misserum.
7. Samkvæmt spánni verður atvinnuleysi minna en ætlað var í vörspá hagstofunnar. Á næsta ári er gert ráð fyrir 4,4% atvinnuleysi í stað 5,0% áður og 4,1% á árinu 2015 í stað 4,4% áður. Skráð atvinnuleysi hefur minnkað nokkuð hraðar en þjóðhagsspár hafa gert ráð fyrir um nokkurra ára skeið. Munurinn felst aðallega í breytilegum reglum um hverjir eiga bótarétt á hverjum tíma og í átaksverkum Vinnumálastofnunar.
8. Spáð er heldur minni hækkun launavísitölu en í vörspánni. Kjarasamningar flestra launþega eru að renna út um þessar mundir sem veldur mikilli óvissu um launa- og verðlagsþróun á næstu misserum. Heildarlaun í landinu eru að aukast mun meir en sem nemur hækkun launavísitölu sökum fjölgunar starfandi einstaklinga á vinnumarkaði.
9. Spár um þróun alþjóðlegs hagvaxtar gera ráð fyrir heldur lakari þróun en spáð var sl. vor. Það gerir horfur heldur dekkri hvað varðar stöðu útflutningsatvinnugreina landsins. Með hliðsjón af þessu eru líkur til að viðskiptakjör á erlendum mörkuðum batni ekki mikið á næstunni.
10. Samkvæmt spánni eru líkur til að alþjóðleg verðbólga verði lægri en gert hafði verið ráð fyrir í vörspánni.